



Reglur um notkun TK-50

Gerður er leigusamningur um afnot á TK-50. Leigan getur verið tvennskonar ***takmörkuð við nýtingu gagnanna í eigin þágu og og með þeim skilyrðum sem hér segir: bæði til innri nota sem og til að veita þriðja aðila þjónusu með þó þeim takmörkunum sem her segir:***

Reglur um afnotin eru eftirfarandi:

1. Leigutaki má aldrei afhenda frumgögn í TK-50 á vektorformi né heldur rastabeikir sem teljast til frumgagna (sjá gagnalýsingu). Hann hefur hinsvegar leifi til að nota gögnin til kortagerðar í sína þágu og (fyrir viðskiptavinum sína).
2. LM skal ætíð getið sem höfundar og eiganda þegar TK-50 gögn eru notuð í kortagerð sbr. 4. gr. laga nr. 73/1972. Það skal gert með textanum "Grunnkort/Loftmyndir ehf."
3. Þeirra skal einnig geta þó að gögnin séu einungis notuð til viðmiðunar í kortagerð og þá með orðunum „byggt á T50 gagnagrunni Loftmynda ehf.“
4. Leigutaka er heimilt að birta kort sem byggð eru á TK-50 sem og með hann í bakgrunni bæði í sjónvarpi og í dagblöðum án birtingargjalda sé LM. getið sem eiganda.
5. Ekki þarf að greiða birtingargjöld vegna prentunar korta ef upplag er minna en 300 eintök. Fari upplag yfir það skal samið um slíkt gjald við LM.
6. Ekki er heimilt að nota TK-50 í kortaþjónustur á vefsíðum þar sem hægt er að stækka kortið upp (zoom in) eða sýna/fela önnur kortalög. Ekki er heimilt að nota TK-50 í GPS tækjum, plotterum eða sambærilegum búnaði nema með sérstöku leifi LM.
7. Leigutaka er ekki heimilt að fjölfalda gögn frá LM til endursölu.
8. Réttur sem leigutaki öðlast með samningi er ekki framseljanlegur til þriðja aðila.

Uppfærslur og viðhald

Loftmyndir ehf. skuldbinda sig til þess að endurnýja TK50 með reglubundnum hætti þ.a. ár hvert hið minnsta komi ein ný útgáfa. Slík endurskoðun er gerð eftir loftmyndum sem LM hafa tekið árið á undan og er stefnt að því að mynda og endurskoða um 6-8.000 fkm. árlega. Þetta er þó háð veðri og er því ekki bindandi. Minniháttar leiðréttingar munu verða gerðar oftar en árlega ef þurfa þikir. LM ráða því hvaða svæði verða endurskoðuð hverju sinni.